



Reykjavíkurborg

Borgarstjórnin í Reykjavík

Reykjavík, 12. október 2020

R12100372

6650

Borgarráð

***Erindi samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins varðandi nýjan stað fyrir kennslu - og einkaflug***

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra hefur svarað bréfi Reykjavíkurborgar, dags 8. júlí sl., varðandi nýjan stað fyrir kennslu- og einkaflug. Þar vísar ráðuneytið til yfirstandandi rannsókn á möguleikum á byggingu nýs flugvallar í Hvassahrauni. Minnir ráðuneytið á að það sé skýr sameiginlegur vilji aðila að stefna að því að flytja núverandi flugstarfsemi af Reykjavíkurlflugvelli yfir á nýjan völl í Hvassahrauni, reynist það vænlegur kostur, þ.m.t. það æfinga-, kennslu- og einkaflug sem þar fer fram í dag.

Því er ljóst að ráðuneytið stefnir að flutningi æfinga-, kennslu- og einkaflugs af Reykjavíkurlflugvelli í Hvassahraun, sbr. framan skráð. Reynist Hvassahraun ekki vænlegur kostur segist ráðuneytið munu kanna aðra möguleika og standa þannig við samningsskuldbindingar ríkisins frá 25. október 2013.

Enn fremur óskar ráðuneytið eftir stöðu vinnu við að breyta aðalskipulagi Reykjavíkur á grundvelli samkomulags ríkis og borgar um flugvöll í Hvassahrauni. Þær breytingar eru lagðar fram í drögum á fundi borgarráðs og hafa þau atriði sem snúa að Vatnsmýri þegar verið kynntar ráðherra á fundi. Verða gögnin send ráðuneytinu til upplýsingar.

Dagur B. Eggertsson



Reykjavíkurborg  
b.t. Dags B. Eggertssonar, borgarstjóra  
Ráðhúsinu  
101 Reykjavík

SAMGÖNGU- OG  
SVEITARSTJÓRNARRÁÐUNEYTIÐ

Sölvhólsgötu 7 101 Reykjavík  
sími: 545 8200 postur@srn.is srn.is

Reykjavík 16. september 2020  
Tilv.: SRN20070047/3.21.3.0

Efni: Nýr staður fyrir kennslu- og einkaflug

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið vísar til bréfs borgarstjóra, dags. 8. júlí sl., varðandi nýjan stað fyrir kennslu- og einkaflug.

Eins og kunnugt er standa nú yfir rannsóknir á möguleikum á byggingu nýs flugvallar í Hvassahrauni með það að markmiði að fullkanna kosti á því að reisa og reka þar flugvöll til að gegna hlutverki varaflugvallar, innanlandsflugvallar og flugvallar fyrir æfinga-, kennslu- og einkaflug. Byggir sú vinna á samkomulagi sem samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra og borgarstjóri undirrituðu f.h. ríkisins og Reykjavíkurborgar 28. nóvember 2019 („samkomulagið“). Samkomulagið byggði m.a. á niðurstöðu starfshóps um framtíð Reykjavíkurflygvallar, sem skilaði áfangaskýrslu 24. nóvember 2017.

Í 5. gr. samkomulagsins kemur fram sá sameiginlegi vilji aðila að stefnt skuli að því að flytja núverandi flugstarfsemi af Reykjavíkurflygvelli yfir á nýjan flugvöll í Hvassahrauni, reynist það vænlegur kostur og fyrir liggja niðurstaða um fjármögnun hans. Kemur þar einnig fram að rekstraröryggi á Reykjavíkurflygvelli verði tryggt á meðan á undirbúningi og gerð nýs flugvallar stendur. Að tveimur árum liðnum eiga að liggja fyrir nægar upplýsingar til að hægt verði að taka afstöðu til þess hvort rétt sé að halda áfram undirbúningi nýs flugvallar í Hvassahrauni, sbr. 2. gr. samkomulagsins. Verði niðurstaðan sú að halda undirbúningi áfram er stefnt að því að hægt verði fyrir lok árs 2024 að taka afstöðu til þess hvort af byggingu flugvallarins verði.

Eins og áður segir er það skýr sameiginlegur vilji aðila samkomulagsins að stefna að því að flytja núverandi flugstarfsemi af Reykjavíkurflygvelli yfir á nýjan flugvöll í Hvassahrauni, reynist það vænlegur kostur, þ.m.t. það æfinga-, kennslu- og einkaflug sem þar fer fram í dag. Því væri það augljóslega ótímabært og andstætt markmiðum samkomulagsins að fjárfesta í flutningi kennslu- og einkaflugs frá Reykjavíkurflygvelli yfir á nýjan flugvöll í nágrenni höfuðborgarsvæðisins á meðan rannsóknirnar standa yfir. Reynist nýr flugvöllur í Hvassahrauni hins vegar ekki vænlegur kostur mun þurfa að kanna aðra möguleika í samræmi við fyrra samkomulag innanríkisráðherra og borgarstjóra frá 25. október 2013.

Að lokum er rétt að áréttta að skv. samkomulaginu skuldbatt Reykjavíkurborg sig til að tryggja nauðsynlegar breytingar á aðalskipulagi Reykjavíkur til að tryggja rekstraröryggi Reykjavíkurflygvallar á meðan á undirbúningi og gerð nýs flugvallar stendur, sbr. 3. mgr. 5. gr. samkomulagsins. Var það í samræmi við niðurstöðu í framangreindri skýrslu starfshóps um framtíð Reykjavíkurflygvallar, þar sem fram kom að undir öllum kringumstæðum yrði að tryggja rekstraröryggi flugvallarins í Vatnsmýri og að ekki yrði farið í frekari styttingar eða lokanir á brautum

þar fyrir en nýr flugvöllur væri tilbúinn til notkunar. Er þess óskað að Reykjavíkurborg upplýsi um efni og stöðu þeirra skipulagsbreytinga.

Mj. Friðrik Jónsson

Ragnvaldur Hjartarson